

ÁSKORUN!

14 félagasamtök senda frá sér áskorun um að virða bann við áfengisauglýsingum

I lok Morgunþings sem Samstarfsráð um forvarnir stóð fyrir þriðjudaginn 30. mars var kynnt eftirfarandi áskorun fjórtán íslenskra félagasamtaka um að virt verði bann við áfengisauglýsingum. Áskorunin var send öllum fjölmiðlum en einnig lögreglustjórum og sýslumönnum.

„Við, undirritaðir forsvarsmenn félagasamtaka, mótmælum áfengisauglýsingum sem dunið hafa yfir þjóðina að undanförunu. Rannsóknir sýna að auglýsingar hafa mikil áhrif á börn og ungmenni. Rannsóknir sýna að áfengisauglýsingar hafa áhrif til aukinnar drykkju, ekki síst meðal yngri aldurshópa. Áfengisauglýsingar draga almennt upp einhliða villandi mynd af neyslu áfengis undir jákvæðum formerkjum. Ekki kemur fram hinn miklu skaði sem neysla áfengis veldur fjölskyldum, einstaklingum og samfélagi. Áfengisauglýsingar stríða því gegn markmiðum og áherslum í forvarnastarfi okkar sem miðar að því að virkja og styrkja ungt fólk til heilbrigðra lífsháttá.

Við minnum á tilmæli Alþjóðaheilbrigðisstofnunarinnar og Sameinuðu þjóðanna um að börn og unglingar fái að alast upp án hvatningar til neyslu áfengis. Við minnum einnig á það markmið íslenskra stjórnvalda að draga úr áfengisneyslu meðal ungs fólks. Áfengisauglýsingar og önnur hvatning til neyslu áfengis vinnur gegn þessum markmiðum.

Þess vegna skorum við á alla hlutaðeigandi að standa vörð um velferð barna og unglunga og sameinast um að virða og framfylgja skýru banni við áfengisauglýsingum (sbr. 20. grein áfengislaga



Elísa Wíum *Vímulaus æska* - G.Linda Udengård *SAMFÉS*, Karl Helgason *IOGT*, Halldór Árnason *BFÖ*, Gunnar Einarsson *IOGT-U*, Margrét Tómasdóttir *Bandalag íslenskra skáta*, Aðalsteinn Gunnarsson *IOGT-B*, Ellert Schram *ÍSÍ*, Nielsa Magnúsdóttir *Kvenfélagasamband Íslands*, Kjartan Jónsson *KFUM-K*, Bergþóra Valdsóttir *SAMFOK*, Árni Einarsson *SSB*

nr. 75/1998). Samkvæmt dómi Hæstaréttar frá 1998 gengur bann við áfengisauglýsingum hvorki gegn ákvæðum stjórnarskrár um tjáningarfrelsi né mannréttindasáttmála Evrópu. Við hvetjum til samstöðu um að halda áfengi og hvatningu til neyslu áfengis sem mest frá börnum og unglungum og skorum á framleiðendur og seljendur áfengis, lögreglu, dómstóla, fjölmiðla og landsmenn alla að sýna ábyrgð og sjá til þess að lögum sé fylgt í þessu efni.“

- Bandalag íslenskra skáta*
- Barnahreyfing IOGT*
- Bindindisfélag ökumanna BFÖ*
- Bindindissamtökin IOGT á Íslandi*
- Heimili og skóli*
- Íslenskir ungtemplarar ÍUT*
- Íþrótta- og ólympíusamband Íslands ÍSÍ*
- KFUM-K*
- Kvenfélagasamband Íslands*
- SAMFOK*
- Samtök félagsmiðstöðva SAMFÉS*
- Samtök skólamanna um bindindisfræðslu SSB*
- Ungmennahreyfing IOGT*
- Vímulaus æska - foreldrahús*

